

# Vistsporið

Fréttabréf Vistbyggðarráðs

3.tbl. 1.árg. 25.september 2011



## Aðilafundur

Þann 29. september verður haldinn sérstakur aðilafundur en hugmyndin er að leiða saman aðila ca. 2 sinnum á ári til skrafs og ráðagerða en einnig verði farið yfir nýjungar á markaði og eitt verkefni tekið til kynningar undir yfirheitinu, REYNSLA.

Nánari upplýsingar um dagskrá fundarins má finna á heimasíðu undir viðburðir, en aðilar eiga einnig að hafa fengið hana senda í tölvupósti.

Aðilar eru hvattir til að taka með sér áhugasama gesti en markmiðið er jú að stækka þann fjölbreytta hóp sem stendur að baki Vistbyggðarráði.

## Áskorun til stjórnvalda.

Miðvikudaginn 21. september afhenti Sigríður Björk Jónsdóttir, framkvæmdastýra og Elín Vignisdóttir, stjórnarmaður VBR, Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra áskorun fyrir hönd stjórnar Vistbyggðarráðs. Í áskorun sinni beinir Vistbyggðarráð því til umhverfisráðherra, sem æðsta yfirmanns mannvirkjamála í landinu, „...að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin ákveði að allar byggingarframkvæmdir á vegum ríkisins skuli hannaðar og byggðar í samræmi við kröfur sem gerðar eru til vistvænna bygginga. Það getur átt við allt frá því að fylgja viðurkenndum viðmiðum um vistvæna hönnun og framkvæmdir, til þess að byggingar hljóti formlega vottun viðurkenndra vottunaraðila um vistvænar byggingar.

Með því að ákveða að við allar opinberar byggingarframkvæmdir skuli fylgt kröfum um vistvænar áherslur myndu stjórnvöld sýna mikilvægt frumkvæði sem yrði aðilum



Ljósmynd: 1 Svandís Svavarsdóttir, Umhverfisráðherra, Sigríður Björk Jónsdóttir, Framkvæmdastýra, Elín Vignisdóttir, Ritari stjórnar VBR og Hafsteinn Pálsson, Umhverfisráðuneyti.

á byggingarmarkaði mikilvæg fyrirmynd og jafnframt hvati til þess að flýta fyrir því að vistvænar áherslur verði almennt innleiddar í mannvirkjagerð og á byggingarmarkaði hérlandis.“

Ráðherra tók vel þeirri hvatningu sem í áskoruninni felst, en nefndi að forsenda þess að taka skrefið lengra væri að kortleggja ýmis verkefni á þessu sviði sem þegar er verið að vinna á vegum einstakra ráðuneyta. Á fundi með ráðherra var jafnframt lagður fram listi yfir möguleg samstarfsverkefni, Vistbyggðarráðs, ríkis, sveitarfélaga, opinberra stofnana og fyrirtækja sem meðal annars myndu fela í í sér nánari greiningu og rannsóknir á íslenskum byggingarmarkaði. Hægt er að lesa áskorunina í heild sinni á vefsíðu VBR.

## Vistbyggðarráð á Facebook

Í byrjun ágúst opnaði Vistbyggðarráð síðu á facebook. Markmiðið var að skapa vettvang fyrir opna umræðu og skoðanaskipti um vistbyggðarmál, en síðan getur líka þjónað mikilvægu hlutverki sem upplýsingaveita. Því fleiri sem merkja við „like“ á síðunni- því betra.



## Umsögn um byggingarreglugerð

Í byrjun ágúst sendi Vistbyggðarráð frá sér nokkuð ítarlega umsögn um drög að nýrri byggingarreglugerð. Umsögnin var byggð á þeim tillögum sem komu frá vinnuhópum en auk þess voru gerðar almennar athugasemdir sem varða áherslu á sjálfbærni og vistvænar lausnir.

## Nýjir aðilar

Í september bættist nýr aðili í hópinn en þar er Ergo fjármögnun Íslandsbanka og bjóðum við þau velkomin. Á næstu mánuðum verður jafnt og þétt unnið að því að fjölga aðilum, því fleiri og fjölbreyttari – því meiri áhrif.

## Norræn ráðstefna í Osló

Norrænu vistbyggðarráðin hafa nú þegar hafið undirbúning sameiginlegrar ráðstefnu. Ráðstefnan verður í Osló 9-10. febrúar 2012 og verður áherslan á markaðsmál og stjórnsýslu ásamt því að kynnt verða ýmis verkefni sem verið er að vinna að á

Norðurlöndunum. Í tengslum við undirbúning ráðstefnunnar munu framkvæmdastjórar norrænu vistbyggðarráðana koma hingað til lands í byrjun nóvember. Áhugavert væri að heyra þeirra sýn og hugmyndir um framtíð sinna samtaka og er stefnt að því að skipuleggja viðburð þar sem aðilar og fleiri áhugasamir hefðu tækifæri til að ræða við norræna kollega okkar.

## Ráðstefna um vistvænt skipulag í Malmö

Þann 16. september síðastliðinn fóru þrír fulltrúar Vistbyggðarráðs á ráðstefnu í Malmö um vistvænt skipulag í borgarumhverfi en fyrir henni stóðu m.a. sænska Vistbyggðarráðið, Malmöborg og verkefni sem ber heitið, *Delegation for Sustainable Cities*. (sjá nánar: <http://www.hallbarastader.gov.se/bazment/hallbarastader/en/start.aspx>)

Einnig var farið í skoðunarferð um vesturhöfnina í Malmö en þar hefur undanfarinn áratug átt sér stað mikil uppbygging á vistvænum forsendum og var áhugavert að sjá hversu vel hefur til tekist.

## Greenbuild í Toronto

Nú í byrjun október stendur World Green Building Council fyrir tveggja daga þingi/ráðstefnu um vistvænar byggingar og skipulag. Fyrri dagurinn er ætlaður aðilum af WGBC en seinni dagurinn er opinn öllum.

Sjá nánar: <http://www.worldgbc.org/site2/index.php?CID=383>

## Starfið framundan

Það er vonandi að sem flestir hafi tækifæri á að starfa áfram með vinnuhópum VBR sem nú eru að hefja starf að loknu sumarleyfi. Næstu opnu fundir VBR eru fyrirhugaðir dagana 28. október og 18. nóvember og er um að gera að merkja við þá í dagatalinu.